


Sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar

Ársfundur 2016

Árni Jóhann Óðinsson
3. maí 2016



Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar upphafið




„Verkefnið sem hér er lýst hófst vorið 2004 með því að þeir Alcoa-menn bönkuðu upp á og vildu fá okkur hjá Landsvirkjun með í samstarfsverkefni um sjálfbæra þróun samhliða framkvæmdum á Austurlandi. Verkefnið var nokkuð óljóst og vorum við svolítið óörugg hvert það mundi leiða, en fannst samt hugmyndin góð, létum slag standa og ákváðum að vera með.

Fljótlega kom þó í ljós að þeir hjá Alcoa voru ekki heldur alveg með það á hreinu hvernig staðið skyldi að þessu verkefni, því það kom í ljós að verkefnið er í raun frumkvöðlastarf, ekki bara hér á landi heldur líka á heimsvísu. Því ekki er vitað til að slík vinna hafi farið af stað, í uphafi ferils þar sem framkvæmdir eru að hefjast.“ - Ragnheiður Ólafsdóttir-Landsvirkjun

Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar sjálfbær þróun

Skírskotun til sjálfbærrar þróunar og sjálfbærni í þessu verkefni felur ekki í sér yfirlýsingu um að framkvæmdirnar á Austurlandi séu eða verði sjálfbærar

Felur í sér vilja fyrirtækjanna til að fylgja þeirri stefnu að framkvæmdirnar og rekstur þeirra falli sem best að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar um að stuðla að ábyrgum atvinnurekstri.



=> Fyrirtækin skipa vinnuhóp til að þróa hugmyndina áfram


Verkefni vinnuhóps:

Skilgreina tilgang verkefnisins sem varð að;

1. Að styðja þá stefnu Alcoa og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.
2. Að þróa vegvísi sem hjálpar fyrirtækjunum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbærni og sjálfbæra þróun á byggingar- og rekstartíma álvers og virkjunar.
3. **Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með árangri Alcoa og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi.**

Stefnumótun Landsvirkjunar og Alcoa varðandi umhverfi, samfélag og efnahagsþróun er órjúfanlegur hluti af þessu verklagi, sem og samráð við hagsmunaaðila í öllum áföngum verkefnisins.

Mynd 1. Sjálfbærni-verkefni: verlag



Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar

Ráðgjafar

Íslenskir og erlendir ráðgjafar ráðnir til þess að aðstoða Landsvirkjun og Alcoa við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Kröfur til ráðgjafa voru:

- ❖ Þekking og reynsla af vinnu við sjálfbæra þróun og greiningu alþjóðlegra vísa.
- ❖ Þekking á sjálfbærnimálum á Íslandi.
- ❖ Reynsla í stjórnun samráðsfunda.

Nafn	Ráðgjafafyrirtæki	Nafn	Ráðgjafafyrirtæki
Árni Geirsson	ALTA-ráðgjafafyrirtæki	David Blaha	Environmental Resource Management (ERM)
Hildur Kristjánsdóttir	ALTA-ráðgjafafyrirtæki	Alistair Fulton	Environmental Resource Management (ERM)
Sigurborg Kr. Hannesdóttir	ALTA-ráðgjafafyrirtæki	Julia Tims	Environmental Resource Management (ERM)
Auður H. Ingólfssdóttir	UMÍS-Umhverfisráðgjöf Íslands ehf.	Jonathan Samuel	Environmental Resource Management (ERM)

Við val á hópnum var leitast við að;

- ❖ ná jafnvægi t.d. hvað varðaði viðhorf og þekkingu til umhverfis-, félagslegra- og efnahagslegra þátta
- ❖ ná landfræðilegri dreifingu
- ❖ ná bæði til aðila sem styðja framkvæmdirnar og þeirra sem eru þeim mótfallnir, fólki úr opinbera geiranum, frá sveitarfélögum, frjálsum félagasamtökum og úr viðskipalífinu.

Hópurinn hittist fjórum sinnum, auk þess sem þátttakendur unnu milli funda með sínum samstarfsaðilum (félagasamtökum, fyrirtækjum eða stofnunum) að tillögum og rýndu gögn.

Hlutverk:


- ❖ Að greina þau málefni sem hver og einn í hópnum taldi mikilvægt að fylgjast með til framtíðar.
- ❖ Að þróa vísa (indicator).
- ❖ Að finna hugsanlega mælikvarða til að mæla áhrif af starfsemi fyrirtækjanna á sjálfbæra þróun á Austurlandi.

Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar

Vísar (2. áfangi, 2004-2005)

Ákveðin viðmið notuð til að meta tillögur að vísam

- ❖ Viðeigandi – Vísar þurfa að vera viðeigandi og tengjast á einhvern hátt bæði fyrirhuguðum framkvæmdum og skilgreiningu á sjálfbærni.
- ❖ Vísindalegur grunnur – Það þarf að vera hægt að finna mælikvarða fyrir vísa sem mæla ástand og þróun á skýran hátt.
- ❖ Næmir fyrir breytingum – Vísar þurfa að vera næmir fyrir breytingum og endurspegla þannig raunverulegt ástand.
- ❖ Sýna þróun – Vísar þurfa að vera þess eðlis að mögulegt sé að fylgjast með þróun sem hefur einhverja þýðingu hvað varðar stefnumið í sjálfbærni.
- ❖ Upplýsingar um grunnástand – Upplýsingar um grunnástand þurfa að vera aðgengilegar. Þær þurfa að sýna hvernig þróunin hefur verið í fortíðinni þannig að hægt sé að túlka framtíðarþróun í réttu samhengi.



Þróun mælikvarða:

- ❖ Fyrir hvern vísi þarf að skilgreina nákvæmlega hvað á að mæla til að tryggja að hann spegli raunverulega þróun, samkvæmt stefnumiðum um sjálfbæra þróun.
- ❖ Mælikvarðar eru skilgreindir eftir að vísar hafa verið valdir.
- ❖ **Mælikvarðar þurfa að vera í stöðugri þróun og endurskoðun. Þó er farið varlega í allar breytingar þar sem breyting á mælikvarða takmarkar eða getur komið í veg fyrir samanburð**

Dæmi:

- Samfélagsvísir: Öryggi starfsfólks
Mælikvarði: Fjöldi tilkynntra vinnuslysa á ári
- Umhverfissvísir: Flúor í gróðri
Mælikvarði: Styrkur flúors í gróðri í völdum gróðurreitum, t.d. í ákveðinni fjarlægð frá álveri
- Efnahagsvísir: Fjárhagur sveitarfélaga
Mælikvarði: Breytingar á útsvarstekjum í völdum sveitarfélögum.

- ❖ Skilgreina hlutverk og ábyrgð einstakra aðila varðandi framkvæmd verkefnisins.
 - ❖ Samræma við utanaðkomandi aðila. Þ.e. ræða við þá sem geta gefið upplýsingar um þá vísa þar sem áhrif framkvæmdanna eru óbein eða afleidd.
 - ❖ Setja markmið og skipuleggja vöktun.
 - ❖ Undirbúa heildstæða framkvæmdaáætlun.
-
- Vöktun.
 - Upplýsingamiðlun.
 - Mæling á árangri.
 - Aðgerðir, ef nauðsynlegar eru.

Formleg vöktun verkefnisins hefst 18. október 2007


Verkefnið á því 10 ára afmæli á næsta ári

Hverju hefur svo þessi mikla vinna skilað?

Hvernig hefur verkefnið dafnað?

<http://www.sjalfbaerni.is/>

Sjálfbærni verkefni Alcoa og Landsvirkjunar staðan - stjórnskipulag



Eigum s.s. flott verkefni sem hefur í raun dafnað mjög vel

Gagnasafnið tútnar út og um leið virði verkefnisins


Og við eigum tækifæri

1. Mælikvarðar þurfa að vera í stöðugri þróun og endurskoðun.
2. Þó er farið varlega í allar breytingar þar sem breyting á mælikvarða takmarkar eða getur komið í veg fyrir samanburð.

⇒ **Gert ráð fyrir þróun / breytingum.**

Okkar hlutverk er að tryggja að verkefnið slái í takt við samtíma sinn hverju sinni.

Hvernig tryggjum við það sem best?



Fyrir hverja?

- Fyrirtækin – gluggi þ.s. upplýsingum er komið á framfæri, sumt birt annarsstaðar (skýrslur). Verkefnið veitir aðhald
- Samfélagið á Austurlandi – sveitarstjórnir, atvinnulíf, skóla, félög, einstaklinga
- Rannsóknastofnanir
- Fleiri?

Hvað þarf til?

- Þurfum að tryggja trúverðugleika og rekjanleika gagna
- Aðilar verða að sjá ástæðu til þess að fara á vef
- Mælingar verða að vera viðeigandi á hverjum tíma => verkefnið verður að hafa ákveðinn sveigjanleika til að bregðast við breytingum eða aðkallandi málum
- Aðgengi að gögnum verður að vera til staðar
- Fleira?

Úrvinnsla / túlkun gagna?

- Hverjir eiga að sjá um úrvinnslu gagna, á verkefnið að gera það eða eiga utanaðkomandi aðilar að vinna úr og túlka gögn
- Hverjir eiga viðmiðunarhóparnir að vera – mismunandi svæði á Austurlandi, aðrir landshlutar, opinber viðmið stjórnvalda, alþjóðlegir staðlar

- › **Sjálfbærniverkefnið var huguð og framsækin ákvörðun á sínum tíma**
- › **Sjálfbærniverkefnið stendur mjög traustum fótum og virði þess eykst jafnt og þétt með því að gagnasöfn stækka**
- › **Sjálfbærniverkefnið þarf að endurspegla þær aðstæður sem uppi eru á hverjum tíma og þarf því að búa yfir ákveðnum sveigjanleika**
- › **Sjálfbærniverkefnið krefst þess af okkur að við séum meðvituð um þau tækifæri sem í því felast**
- › **Sjálfbærniverkefnið gerir þær kröfur til okkar að við séum þátttakendur**